


Friðarberinn — Kissinger í öðru ljósi.

„Það er að minnsta kosti óhætt að segja, að það sé mikil gróska í myndlist hér á landi og töluvert meiri fjölbreytni en var fyrr á árum. Og ég er heldur ekki frá því, að þessir ungu listamenn okkar séu frjálslyndari en ýmsir hinir eldri, sem gátu ekki viðurkennt neitt nema afstrakt-list."

Sjálfur hefur Halldór aldrei fengizt neitt við afstraktmyndir. „Ég hef aldrei lagt það fyrir mig, ekki einu sinni prófað að mála afstraktmynd hvað þá meir," segir hann. „En ekki þar fyrir — ég get haft gaman af mörgum afstraktmyndum. Og þegar ég fer nú að fara meira út í málverkið er



Fyrsta mynd Halldórs.

ómögulegt að vita hvað maður gerir ... samt þykir mér það ósennilegt að ég fari nokkuð að eiga afstraktmyndir svona á gamals aldri."

— Hvað áttu við þegar þú segist ætla „að fara meira út í málverkið"?




Steinn Steinar

„Ákveðinn í að hætta núna öllu þessu smádrasli"

„Ég er ákveðinn í því að hætta núna öllu þessu smádrasli, sem ég hef verið að gera á liðnum árum, eftirleiðis ætla ég að gera það sem mig langar til — hætta þessu eiginlega brauðstriti. Það eru líka komnir svo margir í þetta núna og þeir kunna margir hverjir miklu meira fyrir sér á þessu sviði en ég. Þetta er orðinn svo mikil tæknivinna og alls konar nýjungar komið til, sem voru óþekktar þegar ég var að byrja. Núna held ég að það sé óþekkt fyrirbæri, að menn teikni bókstafina í titla og höfundarheiti í bókarkápur til dæmis eins og var hér áður fyrr — núna eru til alls konar leturtegundir, sem leysa þetta starf af hendi. En þegar ég var að byrja í þessu var maður allt í senn — auglýsingateiknari, bókaskreytingamaður, teiknari og fékkst við allt frá því að teikna mónógröm í koddaver upp í að mála altaristöflur. Maður spannaði sem sagt allt svið dráttlistarinnar, ef svo má segja."

Áður en við settumst inn á kaffistofuna hafði Halldór leiðbeint undirrituðum um sýningarsalinn, og án þess að ég vilji stela glæpnum frá Braga Ásgeirssyni með því að kveða dóm um sýninguna, get ég að minnsta kosti borið að sýningin er fjölbreytt. Þar getur að líta fyrstu myndir Halldórs sem hann gerði barn að aldri, hin fyrsta er frá því að hann var 3ja ára og er að sjálfsögðu af hesti. Á öðrum vegg hanga nokkur sýnis-



Einar Markússon

horn af bókaskreytingum hans, einnig myndir af mönnum sem settu svip á bæinn hér fyrr á árum, myndur úr leikritum sem hér hafa verið sýnd, úrval af teikningum hans úr heimsmeistaraeinvíginu í skák, svo og gamansamar hugleiðingar hans úr þorskastríðinu síðasta, fáeinar portrett-myndir, auk nýrra vatnslitamynda og málverka, sem hann hefur verið að vinna að á síðustu árum.

„Myndirnar eru langflestar í minni eigu," segir Halldór, „en þó hef ég orðið að fá nokkrar lánaðar til að vera með myndir frá öllum tímabilum. En myndir eftir mig eru víst komnar út um allar trissur og ég veit ekki einu sinni hvar þær eru allar niðurkomnar."

Í nýrri málverkunum á sýningunni segist Halldór hafa notað eingöngu akríl-liti, sem hann segir sameina kosti vatnslita og olíulita. Halldór segir þó, að olíulitirnir hafi ýmsa kosti fram yfir akríl-litina en það þurfi líka nokkuð önnur vinnubrögð í meðferð olíulita og þess vegna sé hann heldur frábitinn því að skipta aftur yfir í olíuna. En hvers vegna er hann svona upptekinn af málverkinu um þessar mundir?

Í nýrri málverkunum á sýningunni segist Halldór hafa notað eingöngu akríl-liti, sem hann segir sameina kosti vatnslita og olíulita. Halldór segir þó, að olíulitirnir hafi ýmsa kosti fram yfir akríl-litina en það þurfi líka nokkuð önnur vinnubrögð í meðferð olíulita og þess vegna sé hann heldur frábitinn því að skipta aftur yfir í olíuna. En hvers vegna er hann svona upptekinn af málverkinu um þessar mundir.




Helgi Hjörvar

„Hef alltaf verið meira fyrir teikninguna."

„Sannast sagna hef ég alltaf verið meira fyrir teikninguna," svarar Halldór, „og mér finnst hún einhvern veginn eiga betur við mig. En þetta stafar kannski af því, að ég hef ekki gert nógu mikið af því að mála og mér finnst núna sem ég þurfi að ná betri tökum á málverkinu. Svo fer þetta allt eftir því við hvað maður er að fást hverju sinni, olían á betur við sumar myndir, vatnslitir við aðrar."

— Ertu þá búinn að missa áhugann á skopteikningunum?


„Nei, ég hef ákaflega gaman af því að gera skopmyndir, sérstaklega auðvitað þegar manni tekst vel upp og hefur dottið niður á snjalla hugmynd. Hins vegar fer öll ánægjan af þessu þegar maður er beðinn um að gera myndir af þessu tagi, þá liggur líka venjulega einhver ósköp á myndunum og maður hefur engan tíma til að



Þrír jöfrar — Halldór Laxness, Ásmundur Sveinsson og Matthías Jochumsson.



Skúlaskeið — uppáhaldsmyndin.



Af verkunum skuluð þið þekkja þá — Nixon og Watergate, Brandt og Austurstefna, Kissinger og leiðtogarnir.



Hestar um nótt.

velta þeim fyrir sér. Það er einhvern veginn allt öðru vísi að finna upp á einhverju hjá sjálfum sér."



Óli Maggadon,

„Þetta er einhvern-veginn að verða grár múgur allt saman."

Ekki segist Halldór eiga neinn eftirlætisskotspón í skopmyndum sínum. „Hitt er svo annað mál, að það er eins og mér finnist að það hafi verið svipmeiri karakterar hér í gamla daga, kannski sérstaklega í pólitíkinni .... jafnvel á öllum sviðum — þetta er einhvern veginn að verða grár múgur allt saman og allir eins."

— Þú sagðir mér einhvern tíma, að þú gæti aldrei náð Einari Ágústssyni almennilega — áttu fleiri vandamál af þessu tagi?

„Já, já — yfirleitt á maður í mestu erfiðleikum með menn, sem eru svona sléttir og felldir, friðir menn sem maður kallar. Hjá þeim finnur maður ekkert sérstakt, sem maður getur hengt hatt sinn á. Nú, og svo eru aftur til menn sem eru hreinir karíktúrar í verunni, sem enginn vandi er að ná. Ég man t.d. eftir einum kennara mínum úti sem var þannig í útliti að það mátti ekkert ýkja svip hans — þá var hann orðinn hrein ófreskja."



Haukur Björnsson

„Dulvitur kona fullyrti við mig að ég hefði verið uppáhalds gæðingur einhvers Araba-höfðingja í fyrra lífi."

Eitt mótíf er þó ríkjandi á sýningu Halldórs og það eru að sjálfsögðu hestarnir. Hvernig stendur á þessu dálæti hans á hestum?

„Ég hef alltaf verið hrifinn af hestum," svarar hann. „Ég er eiginlega alinn upp í sveit — hérna á Túngötunni í Vesturbænum. Prestarnir á Landakoti voru alltaf með hesta og pabbi átti hesta. Svo var ég alltaf í sveit á sumrin og stöðugt í hestastússi þar. En það sem mestu máli skiptir vafalaust er að hér í gamla daga fullyrti dulvitur kona við mig, að ég hefði verið uppáhaldsgæðingur einhvers Arabahöfðingja í fyrra lífi, svo að það hlýtur að vera frumeðlið í mér sem brýzt fram í þessum myndum. Það er

Framhald á bls. 47



Jóhannes Birkiland